



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. P 130/625
komudagur 15.12.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Dags. 10. desember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landsíma Íslands hf., nr. 75/2001

Skv. beiðni allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember sl. sendir undirritaður fyrir hönd hreppsnefndar Súðavíkurhrepps eftirfarandi umsögn:

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 27. nóvember sl. og var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

„Hreppsnefnd telur ekki skipta meginmáli hver fer með hlutabréf Landsímans, samgönguráðuneytið eða fjármálaráðuneytið.

Aftur á móti finnst hreppsnefndinni miður sú mismunun sem ríkir á þjónustu Landsímans, gagnvart íbúum minni byggðakjarna og dreifbýlis. Því er vert að huga að þegar kemur að sölu Landsímans hvort rétt sé að selja dreifikerfi Landsímans, en við slíka afgreiðslu er líklegt að dreifing ljósavakaefnis og aðgengi að nútímanettengingum mun ekki batna á landsbyggðinni. Samþykkt samhljóða”.

Ástæða bókunarinnar er að reynslan af uppbyggingu grunnnets Landsíma Íslands sýnir að ólíklegt er að núverandi eigendur á Landsbyggðinni munu við óbreytt ástand njóta ákveðinna þjónustubátta Landsímans eða þá að þjónustan muni standa til boða mun dýrari í minni byggðakjörnum og dreifbýlari svæðum landsins. Opinberlega hefur Landsíminn haft í frammi yfirlýsingar um að hvers konar sitengd gagnaflutningsþjónusta sé ekki á döfnni að bjóða íbúum smærri byggðarlaga en með 500 íbúum.

Borið er við háum kostnaði og litum tekjum á móti, við að þjónusta þessi minni svæði og því má álykta að krafa núverandi eigenda um háa arðsemi sé nú orðin svo stór þáttur í stefnu Landsímans að minni svæðin muni ekki eiga möguleika á að njóta mikilvægra þjónustubátta Landsímans. Vert er velta fyrir sér hvernig staðan hefði væri ef þessi sama stefna hefði verið í hávegum höfð þegar var verið að byggja upp grunnkerfi símaþjónustu á þessum sömu stöðum.



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Súðavíkurbýggð er um 200 manna byggðarlag og þar hefur Landsími Íslands einungis geta boðið upp á ISDN + tengingu en hún ber einungis 9,6 kbit/s afköst sem þykir varla boðleg á flestum þjónustusvæðum Landsímans, en það er innan við 4% af burðargetu minnstu fánlegu ADSL-tenginga.

Svipað er upp á teningnum þegar kemur að hugsanlegri dreifingu á ljósvakaefni, en Landssíminn á tiltæka mikla bandvidd í ljósleiðara en leigan á henni er svo há að breiðbandsfélag Landssímans getur ekki leigt þessa bandvidd á milli landshluta og látið þannig áskriftargjöld standa undir þeim kostnaði. Miklar líkur eru á því að á meðan grunnkerfið er ekki sjálfstætt félag þá vantar hvata til að koma ónotaðri flutningsgetu í verð, með því t.d. að lækka verð frekar en í dag þegar keypt er mjög mikil flutningsgeta.

Hreppsnefndin bendir jafnframt á ákveðið ósamræmi mv. III kafla raforkulaganna, en þar er gert ráð fyrir að dreifikerfi í grunngerð samfélagsþjónustu séu inni í sérstökum félögum og síðan því fyrirkomulagi að Landssímanum er ekki skipt upp í grunnkerfi.

Margoft hefur komið fram að slík skipting Landssíma Íslands á að vera tæknilega auðveld þar sem um árabíl hefur verið skylda Landssímans að halda grunnkerfisrekstri aðskildum frá öðrum rekstri samkvæmt fyrirmælum frá Samkeppnisstofnun.

Í ljósi þessa punkta er bent á mikilvægi þess að íhuga vel hvort rétt sé að selja þann hluta sem snýr að dreifikerfi Landsímans, en miklar líkur er á að þessir þættir munu ekki lagast við slíkan gjörning.

Virðingarfyllt,


Ómar Már Jónsson
-sveitarstjóri-